FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Auðlinda- og umhverfisfræði
Námsgrein:	umhverfis- og auðlindafræði
Viðfangsefni:	tengsl manns og náttúru og nýting hans á auðlindum
Skammstöfun:	AUUM2AU05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Fjallað verður um tengsl manns og náttúru hvað varðar jarðefni, lofthjúp, vatn og lífríki. Einnig um nýtingu náttúruauðlinda í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu og orkuvinnslu. Þá verða helstu hugtök er lúta að umhverfisfræði kynnt s.s mengun, endurnýjanlegar og óendurnýjanlegar auðlindir, sjálfbær þróun, náttúruvernd og alþjóðlegar skuldbindingar. Lögð verður áhersla á sjálfstæða vinnu nemenda eftir áhugasviðum og umræðum um efni áfangans. Einnig verða vettvangsferðir gildur hluti námsins.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • hugtakinu sjálfbær þróun • endurnýjanlegum og óendurnýjanlegum auðlindum • samspili jarðar, lofthjúps, vatns og lífríkis • tengslum og áhrifum manns á náttúru • hlýnun jarðar, orsökum, afleiðingum og ábyrgð einstaklingsins • nýtingu landbúnaðar, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og orkuvinnslu á auðlindum • vistvænni nýtingu atvinnugreina á umhverfinu • mengun í lofti, láði og legi • hugtakinu vistspor • flokkun sorps og endurnýtingu • alþjóðlegum skuldbindingum og samningum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • leggja sjálfstætt mat á áhrif mannsins á umhverfið • meta áreiðanleika upplýsinga um umhverfismál • miðla efni munnlega og skriflega um umhverfismál og auðlindanýtingu • taka þátt í umræðum um umhverfismál og auðlindanýtingu • sýna ábyrga hegðun í umhverfismálum og auðlindanýtingu • vinna með öðrum að lausnum í umhverfis- og auðlindamálum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • umgangast náttúruna af ábyrgð

	• leggja mat á auðlindanýtingu og umgengni við náttúruna í sinni heimabyggð • meta áhrif mannsins á umhverfið • taka rökstudda afstöðu til álitamála í umhverfismálum og auðlindanýtingu
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.